



Hamraendi 14-20

Fyrirspurn um viðbyggingu

ONE: 24053590

Dags. 28.06.2024


Umsögn

Send er inn fyrirspurn frá Sveini Ívarssyni arkitekt f.h. Ríkharðs F. Jensen um hvort leyfi fáið fyrir 55 m² úpphitaða viðbyggingu við hesthús við Hamraenda 14-20 á Kjóavöllum.

Viðbyggingin myndi vera á bílastæði og kerrustæði á lóðinni á austurhlíð núverandi hesthúss á lóðinni.

Hesthúsin eru í sameign tveggja aðila sem eru saman með umsóknina að sögn Sveins.

Í fyrirspurninni kemur fram að þessi lóð er stærri en allra annarra í hverfinu og því talið meira pláss fyrir viðbyggingu en á öðrum lóðum.






Meðfylgjandi komu teikningar með tillögu að viðbyggingu dagsettar 29. Maí 2024 í mælikvarða 1:100.




Mynd 1 Mælikvarði 1:100

Tveir metrar eru frá ætlaðri skemmu að götu.



Mynd 2 Mælikvarði 1:100

Á eldri teikningu kemur fram að þar sem viðbyggingin er, er bílastæði fyrir 1 bíl og annað stæði merkt hestakerru. Sjá næstu mynd:





Deiliskipulag er í gildi á svæðinu og ekki hefur verið gerð álíka viðbygging í nágrenninu og yrði þessi viðbygging fordæmisgefandi.

Í gildi er deiliskipulag Kjóavalla, samþykkt í bæjarstjórn Kópavogs dagsett 24. Júní 2008. Á deiliskipulaginu hafa verið gerðar 14 breytingar. Ekki er fordæmi í deiliskipulagi fyrir viðbyggingu.

Úr deiliskipulagi:

5.2 Hesthús – teikningar Sveins Ívarssonar arkitekts

Hesthúsateikningar eru bindandi fyrir stærð og ytra útlit húsa en ekki fyrir innra skipulag húsa.

Út frá gatnaskipulagi er óheppilegt að taka í burtu pláss fyrir bíla og kerrur og meiri hætta á því að fólk fari að leggja bílum og kerrum á götu og þrengra yrði að fara um með kerrur og bakka þeim.

Á næstu mynd sést að viðbyggingin myndi fara yfir byggingarlínu.





Lokaorð

Þessi breyting er ekki í samræmi við gildandi deiliskipulag. Byggingarlína yrði rofin, þrengt yrði að bíla- og kerrustæðum og yrði málið fordæmisgefandi. Þess vegna lítur skipulagsdeild neikvætt á erindið.